

Fundur í fræðslu- og menningarnefnd haldinn á Bakkafirði 27/1-2010 kl. 17,00

Mætt eru Guðni, Sigurður Ragnar og Soffía, María og Rósa skólastjórar auk Sigríðar f/h kennara

- 1) Gjaldskrá grunn- og leikskóla Langanesbyggðar. Hækkun er almennt 10-15% og gjaldskrá er samræmd milli skóla. Málið fékk töluverða umræðu. Fræðslunefnd leggur til að liðurinn mjólkurgjald verði felldur niður en gerir að öðru leiti ekki athugasemdir. Gjaldskráin er sambærileg við gjaldskrár í nágrennasveitarfélögum.
- 2) Bréf 2/12-09 frá Sambandi ísl. sveitarfélaga um frekari hagræðingu í starfi grunnskólanna. Stytting skólaársins myndi myndi að okkar mati skila mestum sparnaði í grunnskólunum í Langanesbyggð en skólaárið hefur lengst verulega á undanförunum árum. Einnig leggur nefndin áherslu á að skólastjórar beiti sér fyrir aðhaldi í rekstri nú sem endranær.
- 3) Skýrsla skólastjóra leikskólans á Bakkafirði. Börnum mun fækka um mánaðarmótin og eftir verða 4 börn. Það gæti þurft að endurskoða skipulag leikskólamála fljótlega en þessi mál breytast oft með litlum fyrirvara. Starfið gengur að venju, börnin héldu þorablót sem gekk vel og elsti hópurinn fékk danskennslu með grunnskólanum.
- 4) Skýrsla skólastjóra grunnskólans á Bakkafirði. Kennaraskipti hafa orðið, Petra Hólmgímsdóttir er að hætta og Klara Sigurðardóttir kemur í stað hennar. Allir fengu nýja stóla og er ánægja hjá nemendum með þá. Þemavika var um daginn og var hún um himingeiminn. Prófavika var nóvember en möguleiki er að seikna því í framtíðinni.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18,30